# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS
## ÁRSSKÝRSLA OG REIKNINGAR

**38. Siglingaþing**
**26. febrúar 2011**

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöð Laugardal, 104 Reykjavík
Sími: 514-4210 Fax: 514-4001
E-mail: sil@isisport.is

## Efnisyfirlit

**Dagskrá siglingaþings**

**Fulltrúar héraðssambanda**

**Skýrsla stjórnar**

**Skýrslur:**
    **Svæðaleikanefnd ISAF**

**Úrslit móta**

**Lög SÍL**

**Ársreikningar 2010**

Skýrsla 38 siglingaþings gerð í febrúar 2011

Umbrot Úlfur H. Hróbjartsson

Höfundar efnis
Úlfur H. Hróbjartsson
Birgir Ari Hilmarsson

Prentun
Skrifstofa ÍSÍ

# Dagskrá 38. siglingaþings

## Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal
## 26. febrúar 2011

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari.
5. Kosning þingnefnda:
    a. Fjárhagsnefnd 3 manna.
    b. Laga- og leikreglnanefnd 3 manna.
    c. Allsherjarnefnd 3 manna.
6. Lögð fram skýrsla stjórnar.
7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
8. Umræður og samþykkt reikninga.
9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
10. Lagabreytingatillögur.
11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
13. Þingnefndir starfa
14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar:
    a. Stjórn og varastjórn, sbr 10. gr.
    b. 2 skoðunarmenn.
    c. Fulltrúa á íþróttaþing í samræmi við reglur ÍSÍ samkvæmt iðkendafjölda síðastliðins starfsárs.
17. Þingslit.

# Fulltrúar á 38. siglingaþingi

## Fulltrúafjöldi héraðssambanda:

| Héraðssamband | Iðkendur | Fulltrúar |
|---|---|---|
| Íþróttabandlag Reykjavíkur | 678 | 16 |
| Brokey, siglingafélag Reykjavíkur | | |
| Kayakklúbbur Reykjavíkur | | |
| Róðrarfélagið Stafninn | | |
| Ungmennafélag Kjalarnesþings | 239 | 7 |
| Siglingafélagið Ýmir | | |
| Íþróttabandalag Akureyrar | 54 | 4 |
| Siglingafélagið Nökkvi | | |
| Íþróttabandalag Hafnarfjarðar | 427 | 11 |
| Siglingaklúbburinn Þytur | | |
| Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu | 25 | 2 |
| Siglingadeild Snæfells | | |
| Héraðssamband Vestfjarða | | |
| Siglingafélagið Sæfari | | |
| Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands | | |
| Kajakklúbburinn Kaj | | |
| **Alls** | **1.413** | **44** |

# Stjórn SÍL
## Kjörin á 37. siglingaþingi

| | |
|---|---|
| Formaður: | Úlfur H. Hróbjartsson |
| Varaformaður: | Trausti Ævarsson |
| Ritari: | Kristín Pálsdóttir |
| Gjaldkeri: | Sigurjón Hjartarson |
| Meðstjórnandi: | Snorri Valdimarsson |
| Varastjór: | Þorsteinn Guðmundsson |
| Varastjór: | Niels Chr. Nielsen |
| Varastjórn: | Rúnar Þór Björnsson |
| | |
| Heiðursformaður: | Ari Bergmann Einarsson |

# Skýrsla stjórnar



## Ágætu félagar

Ég býð ykkur velkomin á 38. siglingaþing.

Nú er liðið ár frá síðasta siglingaþingi og margt hefur átt margt hefur gersta á þessu stutta tíma.
Siðasta siglingaþingi var vart lokið þegar Mike Hart siglingaþjálfari kom í heimsókn til að kanna siglingastarfsemi hér á landi og undirbúa þjálfaranámskeið frá Alþjóða siglingasambandinu. Námskeiðið er nefnist Train the Trainers var síðan haldið á vormánuðum. Kennarar voru Mike Hart og Dan Jaspers frá Alþjóða siglingasambandinu og fór námskeiðið fram hjá Ými í Kópavogi. Námskeiðið sóttu 15 siglingaþjálfarar alls staðar af landinum og nutu leiðbeiningar og kennslu bæði á landi og legi.
Í vor fóru einnig þrír laser siglarar til Sail Laser í Weymouth til æfinga hjá einum besta Laser siglingmanni heims Nick Thompson.
Á sama tíma var hélt Kayakklúbburinn BCU 4 star leader námsskeið með enskum leiðbeinendum þar sem farið var yfir ferðaleiðsögn og viðbúnað í lengri róðrum. Að námskeið loknu þreyttu menn próf til að öðlast 4 stjörnu réttindi.

Í byrjun sumars komu 10 Topper Topaz bátar til landsins. Siglingsambandið hefur nú náð ágætis samningum við nokkra bátaframleiðendur og siglingafata-framleiðandand Gill. Megin markmiðið með þessum samningum er að siglinafólk hafi aðgang að vörum og þjónustu sem það þarf til að stunda íþróttina.

Æfingabúðir SÍL voru haldnar í Kópavogi og var metþáttaka en 40 siglarar á öllum aldri tóku þátt í æfingabúðunum. Erlendur þjálfari Tom Wilson RYA var fenginn til að stjórna æfingum og bjóða upp á létta upprifjun fyrir þjálfarana sem sóttu Train the trainers námskeiðið. Þeir erlendu þjálfara sem komið hafa til landssins í ár hafa haft jákvæð áhrif á þjálfara og unga siglingamenn til að gera betur en áður.

Öll mót sumarsins voru vel sótt og þó sérstaklega Íslandsmeistaramót kæna sem haldið var á Akureyri. Ríflega 60 keppendur sigldu Optimistum Laserum og Topperum í harðri keppni á Pollinum. Er þetta helmings fjölgun þátttakenda frá síðasta ári.

Kjölbátastarf var með hefðbundnum hætti. Priðjdagskeppnir voru á sínum stað, sú nýjung var á framkvæmdinni að vel var haldið utan um skráningu áhafna ekki aðeins báta og skipstjóra. Skemmst er frá því að segja að fjöldi þátttakenda í þriðjudagskeppnum kemur á óvart en 127 aðilar skráðu sig til leiks. Skráningi Brokeyjar á þáttökunni gerir okkur grein fyrir því hversu mikilvægt það er að halda tölulegum upplýsingum til haga.
Á haustmánuðum tóku þrír Laser siglarar þátt í sterku Evrópumóti í Danmörku. Vindur var mikill og keppnin skemmtileg. Er þetta vonandi skref i þá átt við tökum þátt í fleiri erlendum keppnum á næstu árum.

Síðla hausts var tekin upp sú nýjung að halda uppskeruhátið siglingamanna og var hátiðin haldin í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Góð mæting var á hátiðna og mæltist hún vel fyrir. Þar voru afhent verðlaun fyrir Íslandsbikarinn og valin siglingamaður og siglingakona ársins. Stefnt er að því að halda slíka hátíð árlega og þá ekki aðeins fyrir siglingamenn heldur að kayakræðarar taki einnig fullan þátt í hátíðinni.

Engin alþjóðleg kjölbátamót voru haldin á árinu. Iceland Midnight Sun Race var slegið af vegna þátttökuleysis og það sama var um Skippers du Island. Efnahags kreppan hefur greinilega sínar afleiðingar víðar en á Íslandi.
Framkvæmdir á árinu eru helstar þær að í Hafnarfirði hefur Þytur eignast nýjar flotbryggjur við aðstöðu sína. Í Reykjavík var sett þak á aðstöðu Brokeyjar í Nauthólsvík. Á Sauðárkróki hafa menn unnið ötulega að því að koma upp húsi fyrir Siglingafélagið Drangey.
Aðalfundur Alþjóða siglingasambandsins var haldinn í Aþenu í ár. Birgir Ari Hilmarsson sat nefndarfundi í Regional Game committee, skýrslu hans er að finna í ársskýrslunni. Aðri sem sóttu fundinn voru gjaldkeri SÍL, varaformaður og formaður. Fomaður flutti þar stuttan fyrirlestur um starfsemi SÍL og þann árangur sem náðst hefur í útbreiðslu kænustarfs á síðustu árum. Á þinginu var rætt við framleiðenddu báta og náðist gott samband bæði við Ovington boats sem framleiða 29er ásamt fleiri bátum og RS sailing sem framleiða marga skemmtilega báta. SÍL getur nú útvegað báta frá báðum framleiðendum á góðu verði. Nú þegar hafa verið pantaðir þrír notaðir bátar af gerðinni 29er sem eru yfirfarnir af framleiðanda.

Síðustu helgi var haldi stjórnarfundur Alþjóðasiglingassambandsins hér á landi. Fundurinn stóð í þrjá daga og meðal ákvarðanna sem teknar voru hér var að halda heimsmeistaramót ISAF 2014 í Santander á Spáni. Fundarmenn voru ánægðir með móttökurnar og alla aðstöðu. Nú þegar er verið að leggja drög að frekari fundum hér á landi.
Nú á vormánuðum er vona á þremur 29er bátum til landsins ásamt leiðbeinendum sem munu kenna á bátana. Æfingabúðir SÍL verða haldnar á Húsavík í tengslum við strandmenningar hátíð. Einnig er von á þjálfarahandbók nú í sumar en unnið er á þýðingu á nýútkominni bók Alþjóða siglingasambandsins. Verður Ísland meðal fyrstu þjóða til þýða þessa bók og nýta hana við kennslu og þjálfun.

Tvö siglingafélög eiga stórafmæli á árinu Siglingafélag Reykjavíkur Brokey varð fertugt þann 7. febrúar og siglingafélagið Ýmir heldur einig upp á fertugs afmæli í ár eða þann 4. mars. Félögunum og félagsmönnum óskum við til hamingju með afmælin.

Komandi stjórnar bíða mörg verk og skemmtileg við útbreiðslu og uppbyggingu siglingaíþrótta á næsta ári.

## Fundur í Svæðaleikanefnd ISAF

Undirritaður sótti fund Svæðaleikanefndar ISAF (Regional Games Committee) sem haldinn var í Aþenu í nóvember.

Á dagskrá fundarins voru allnokkur mál, sum þeirra almenn afgreiðslumál eins og yfirlit yfir svæðaleika sem eru framundan og skýrslur frá nýafstöðnum leikum.

Af þeim málum sem nefndin þurfti að fjalla um að þessu sinni er helst að nefna bátstegundir sem nota skal á slíkum leikum. Á fundinum árið áður hafði undirritaður hafið umræðu um þetta viðkvæma mál og var því ánægjulegt að það var sett á dagskrá fundarins nú. Áður hafði ég vakið athygli nefndarmanna á því að þær bátstegundir sem notaðar eru á Ólympíuleiku eru ekki nógu útbreiddar og ættum við að nota þessa leika til að þrýsta á framleiðendur þeirra báta sem valdir eru til notkunar á Ólympíuleikum til að not svæðaleika til útbreiðslu þeirra.  Einnig mætti nota það sem skilyrði fyrir vali bátstegunda á Ólympíuleika að þeir væru notaðir á ákveðið mörgum svæðaleikum. Þetta er mjög viðkvæmt mál og pólitískt en að mínu áliti mjög áríðandi fyrir íþróttina.

Nefndin ræddi um hlutverk sitt að sjá til þess að siglingar væru á dagskrá allra svæðaleika. Nýbúið er að samþykkja siglingar inn á „Commonwealth Games" og eru þá allir slíkir leikar með siglingar annað hvort sem kjarnagrein eða mögulega grein á slíkum leikum. Þess má geta að á næstu Smáþjóðaleikum eru siglingar ekki á dagskrá en þeir verða haldnir í Liechtenstein. Við þurfum að sjá til þess að okkar grein komist inn aftur en hart er barist um að koma greinum að á leikunum.

Þá er nefndin að vinna í að koma upp gagnagrunni til að safna saman upplýsingum um og eru tæknifulltrúar látnir hafa ákveðin eyðublöð til að fylla út og senda til ISAF þannig að samræmdar upplýsingar séu til um alla leikana. Einnig hafa nokkrir nefndarmenn unnið að því að setja saman handbók fyrir slíka leika.

Ásamt því að funda einu sinni á ári, í nóvember eru nefndarmenn í tölvupóstsambandi þess á milli og hafa haldið uppi góðri umræðu um þau mál sem nefndina varða.

Birgir Ari Hilmarsson

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

# Úrslit 2010

# SJÓKAYAK

## Reykjavíkurbikar 2010 - 10 km

| Sæti | Karlar - 10 km | Bátur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Ólafur B. Einarsson | Ocean X | 0:59:18 |
| 2 | Hilmar Erlingsson | Valley Rapier | 1:07:00 |
| 3 | Páll Reynisson | NDK Explorer HV | 1:08:38 |
| 4 | Sigurjón Sigurjónsson | NDK Greenlander Pro | 1:12:30 |
| 5 | Þorbergur Kjartansson | Point 65° 505 | 1:13:40 |
| 6 | Guðmundur J. Björgvinsson | Quajac Sardina | 1:19:15 |
| 7 | Ágúst Ingi Sigurðsson | Heimasmíði | 1:19:35 |
| | Einar Garðarsson | Point 65° XP | Hætti keppni |

| Sæti | Konur - 10 km | Bátur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Heiða Jónsdóttir | Quajac Kitiwec | 1:21:50 |
| | Guðrún Guðmundsdóttir | Kirton Inuk | Hætti keppni |

## Reykjavíkurbikar 2010 - 3 km

| Sæti | Karlar 3 km | Bátur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Össur Imsland | Point 65 Whisky 16 | 22:16 |
| 2 | Kristján Viggósson | Quajac Viking | 23:07 |
| 3 | Einar Sveinn Magnússon | Point 65 Sea Rover | 24:15:00 |

| Sæti | Konur - 3 km | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Katla Gunnarsdóttir | Qajaq Kitiwec | 28:55:00 |

## Sprettróður 2010 - Egill Rauði, Norðfirði

| Sæti | Karlar | Bátur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Hilmar Erlingsson | Nelo | 0:42 |
| 2 | Þorsteinn Sigurlaugsson | Valley Rapier | 0:43 |
| 3-4 | Ari Benediktsson | Valley Nordkapp | 0:55 |
| 3-4 | Gunnar Ingi Gunnarsson | Valley Nordkapp | 0:55 |
| 5 | Ingólfur Finnsson | NDK Explorer | 1:04 |
| 6 | Pjétur St. Arason | NDK Romany | 1:05 |

| Sæti | Konur | Bátur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Megan Kelly | Nelo | 0:52 |
| 2 | Helga Melsteð | NDK Explorer | 1:08 |
| 3 | Rita Hvönn Traustadóttir | NDK Explorer | 1:10 |
| 4 | Erna Jónsdóttir | | 1:13 |
| 5 | Guðbjörg Rós Guðjónsdóttir | NDK Explorer | 1:32 |

| Sæti | Unglingaflokkur - piltar | Bátur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Pétur Hjartarson | | 00:53 |
| 2 | Ólafur Tryggvi Þorsteinsson | NDK Explorer | 01:11 |
| 3 | Trausti Mar Þorsteinsson | NDK Explorer | 01:18 |
| 4 | Kári Tómasson | Prijon Seayak | 01:38 |
| 5 | Sigurjón Svavar Valdimarsson | PH capella | 01:40 |

| Sæti | Unglingaflokkur - stúlkur | Bátur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Oddný Lind Björnsdóttir | NDK Explorer | 1:14 |

## Úrslit í 10 km róðri Sæfara 2010

| Sæti | Karlar | Bátur | Tími | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Ólafur B. Einarsson | Osean X | | 1:01 |
| 2 | Halldór Sveinbjörnsson | Rapier | | 1:04 |
| 3 | Hilmar Erlingsson | Rapier | | 1:05 |
| 4 | Pétur Hilmarsson | Inuk | | 1:12 |
| 5 | Örvar Dóri Rögnvaldsson | | | 1:23 |
| 6 | Rúnar Haraldson | | | 1:25 |
| 7 | Gunnar Bjarni | | | 1:29 |
| | Haukur Sigurðson | | ógilt | |
| | | | | |
| | Konur | | | |
| | Megan Veley | | ógilt | |

## Hvammsvíkurmaraþon 2010

| Sæti | Karlar | Bátur | Tími 1 | Tími 2 | Mark |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Rúnar Pálmason | Valley Nordkapp | 01:38.3 | 03:29.3 | 05:39.2 |
| 2 | Örlygur Steinn Sigurjónsson | Lettman Godthap | 02:06.5 | 04:23.0 | 06:45.2 |
| | Sigurður Pétur Hilmarsson | Kirton Inuk | 01:49.1 | 03:36.5 | DNF |

# STRAUMKAYAK

## Úrslit í Elliðaárródeói 2010

| Sæti | Karlar | 1. umferð | 2. umferð | 3. umferð | Samtals | Stig til Íslandsmeistara |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Anup Gurung | 28 | 38 | 42 | 80 | 100 |
| 2 | Guðmundur Vigfússon | 14 | 24 | 20 | 44 | 80 |
| 3 | Reynir Óli Þorsteinsson | 12 | 24 | 18 | 42 | 60 |
| 4 | Kristján Sveinsson | 20 | 12 | 6 | 32 | 50 |
| 5 | Haraldur Njálsson | 16 | 8 | 8 | 24 | 45 |
| 6 | Erlendur Þór Magnússon | 2 | 10 | 8 | 18 | 40 |
| 7 | Viktor Þór Jörgensson | 10 | 6 | 4 | 16 | 36 |
| 8 | Guðmundur Kjartansson | 6 | 4 | 8 | 14 | 32 |
| 9 | Stefán Karl Sævarsson | 2 | 6 | 6 | 12 | 29 |
| 10 | Ragnar Karl Gústafsson | 2 | 4 | 4 | 8 | 26 |
| 11 | Andri Þór Arinbjörnsson | 6 | 2 | 2 | 8 | 24 |
| 12 | Kjartan Magnússon | 2 | 2 | 6 | 8 | 22 |
| 13 | Atli Einarsson | 4 | 4 | 4 | 8 | 20 |
| | | | | | | |
| | Konur | | | | | |
| 1 | Ragna Þórunn Ragnarsdóttir | 2 | 4 | 2 | 6 | 100 |

## Úrslit úr Tungufljótskappróðri 2010

| Sæti | Karlar | |
|---|---|---|
| 1 | Jón Heiðar Andrésson | 100 |
| 2 | Ragnar Karl Gústafsson | 80 |
| 3 | Haraldur Njálsson | 60 |
| 4 | Erlendur Þór Magnússon | 50 |
| 5 | Stefán Karl Sævarsson | 45 |
| 6 | Kristján Sveinsson | 40 |
| 7 | Guðmundur Kjartansson | 36 |
| 8-9 | Aðalsteinn Möller | 32 |
| 8-9 | Jón Skírnir Ágústsson | 32 |
| 10-13 | Viktor Jörgensson | 26 |
| 10-13 | Jóhann Geir Hjartarson | 26 |
| 10-13 | Garðar Sigurjónsson | 26 |
| 10-13 | Elvar Þrastarson | 26 |
| 14 | Eiríkur Leifsson | 18 |

### Opnunarmót

**Optimist**

| Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Gunnar Úlfarsson | Nökkvi | ISL 623 | 1 | 2 | 1 | 4 |
| 2 | Búi Fannar Ívarsson | Brokey | ISL 104 | 2 | 1 | 2 | 5 |
| 3 | Eyþór Örn Ólafsson | Þytur | ISL 41 | 3 | 3 | 3 | 9 |
| 4 | Lína Dóra Hannesdóttir | Brokey | ISL 103 | 4 | 5 | 4 | 13 |
| 5 | Hinrik Guðmundsson | Ýmir | ISL 18 | 5 | 4 | 5 | 14 |
| 6 | Björn Bjarnason | Brokey | | 9 | 6 | 7 | 22 |
| 7 | Ýmir Guðmundsson | Ýmir | ISL 203 | 6 | 11 | 6 | 23 |
| 8 | Sigurjón Ágústsson | Ýmir | ISL 201 | 8 | 7 | 8 | 23 |
| 9 | Baldvin Ari Jóhannesson | Ýmir | ISL 202 | 7 | 8 | 9 | 24 |
| 10 | Gaukur Steinn Guðmundsson | Ýmir | ISL 205 | 10 | 9 | 10 | 29 |

**Opinn flokkur**

| bátur | Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laser | 1 | Gauti Elfar Arnarsson<br>Hilmar Páll Hannesson | Nökkvi | 162638 | 1 | 1 | 1 | 3 |
| Topper Topaz | 2 | Hulda Lilja Hannesdóttir<br>Andrers Rafn Sigþórsson | Brokey | ISL 100 | 2 | 2 | 2 | 6 |
| Topper Topaz | 3 | Sindri Þór Hannesson | Þytur | ISL 303 | 3 | 3 | 4 | 10 |
| Laser | 4 | Kári Steinarsson | Brokey | 27 | 4 | 4 | 3 | 11 |

### Miðsumarmót

**Optimist A**

| Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Sigurður Seán | Nökkvi | | (3.0) | 2.0 | 1.0 | 1.0 | 4.0 |
| 2 | Búi Fannar Ívarsson | Brokey | 104 | (5.0) | 1.0 | 2.0 | 2.0 | 5.0 |
| 3 | Hinrik Guðmundsson | Ýmir | ISL 18 | 2.0 | 4.0 | 3.0 | (8.0) | 9.0 |
| 4 | Gunnar Úlfarsson | Nökkvi | ISL 17 | 4.0 | 3.0 | (5.0) | 3.0 | 10.0 |
| 5 | Daníel Chan | Nökkvi | USA 1246 | 1.0 | (6.0) | 4.0 | 6.0 | 11.0 |
| 6 | Ýmir Guðmundsson | Ýmir | ISL 203 | 6.0 | 5.0 | (8.0) | 4.0 | 15.0 |
| 7 | Lína Dóra Hannesdóttir | Brokey | 103 | 7.0 | (8.0) | 7.0 | 5.0 | 19.0 |
| 8 | Rúbína Zing | Nökkvi | 617 | 8.0 | (9.0) | 6.0 | 9.0 | 23.0 |
| 9 | Sigurjón Ágústsson | Ýmir | ISL 201 | (9.0) | 7.0 | 9.0 | 7.0 | 23.0 |

**Optimist B**

| Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Hrefna Ásgeirsdóttir | Brokey | 106 | (2.0) | 2.0 | 1.0 | 1.0 | 4.0 |
| 2 | Gunnar Bjarki Jónsson | Ýmir | ISL 200 | 1.0 | (5.0) | 3.0 | 2.0 | 6.0 |
| 3 | Ásgeir Gústafsson | Drangey | | (5.0) | 4.0 | 2.0 | 3.0 | 9.0 |
| 4 | Breki Arnarsson | Nökkvi | 6 | 6.0 | 1.0 | (7.0) | 4.0 | 11.0 |
| 5 | Arnar Freyr Kristinsson | Þytur | Bátur 8 | 3.5 | 3.0 | (6.0) | 6.0 | 12.5 |
| 6 | Gaukur Steinn Guðmundsson | Ýmir | ISL 205 | 3.6 | (6.0) | 4.0 | 5.0 | 12.5 |
| 7 | Þorbjörg Erna Mímisdóttir | Brokey | 107 | (8.0<br>DNS) | 3.0 DNS | 5.0 | 7.0 | 20.0 |

## Miðsumarmót

### Opinn flokkur 1

| | Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laser 4,7 | 1 | Þorlákur Sigurðsson | Nökkvi | | (2.0) | 2.0 | 1.0 | 1.0 | 4.0 |
| Laser 4,7 | 2 | Aron Steinn Guðmundsson | Ýmir | 7 | (4.0) | 1.0 | 2.0 | 3.0 | 6.0 |
| Topper Topaz | 3 | Björn Bjarnason | Brokey | ISL 101 | 1.0 | (4.0) | 3.0 | 4.0 | 8.0 |
| | | Hilmar Páll Hannesson | | | | | | | |
| Topper Topaz | 4 | Hulda Lilja Hannesdóttir | Brokey | ISL 100 | 3.0 | 3.0 | (4.0) | 2.0 | 8.0 |
| Laser 4,7 | 5 | Lilja Gísladóttir | Nökkvi | | (7.0) | 5.0 | 5.0 | 5.0 | 15.0 |
| Laser 4,7 | 6 | Anders Rafn Sigþórsson | Þytur | | (8.0) | 7.0 | 6.0 | 6.0 | 19.0 |
| | | Eyþór Örn Ólafsson | | | | | | | |
| Topper Topaz | 7 | Eyþór Agnarsson | Þytur | ISL 303 | 6.0 | 6.0 | (8.0) | 7.0 | 19.0 |
| Europe | 8 | Guðmundur Markússon | Þytur | ISL 2 | 5.0 | 10.0 | 7.0 | (12.0 DNF) | 22.0 |
| Laser 4,7 | 9 | Eyþór Aðalsteinsson | Ýmir | 8 | (10.0) | 9.0 | 9.0 | 8.0 | 26.0 |
| | | Mikael Daníelsson | | | | | | | |
| Topper Topaz | 10 | Þorgeir Ólafsson | Brokey | ISL 102 | 9.0 | 8.0 | 10.0 | (12.0 DNF) | 27.0 |

### Opinn flokkur 2

| | Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laser | 1 | Björn Heiðar Rúnarsson | Nökkvi | 162624 | (1.0) | 1.0 | 1.0 | 1.0 | 3.0 |
| Laser | 2 | Gauti Elfar Arnarsson | Nökkvi | 162638 | 2.0 | 2.0 | 2.0 | (3.0) | 6.0 |
| Laser | 3 | Dagur Daníelsson | Nökkvi | 162639 | (3.0) | 3.0 | 3.0 | 2.0 | 8.0 |
| Laser | 4 | Jón Vignir Daníelsson | Þytur | 27 | (6.0) | 4.0 | 4.0 | 4.0 | 12.0 |
| Laser | 5 | Kári Steinarsson | Brokey | 162625 | 5.0 | (7.0) | 5.0 | 5.0 | 15.0 |
| Laser | 6 | Nils Daníelsson | Þytur | 174701 | 4.0 | 6.0 | 6.0 | (10.0 DNF) | 16.0 |
| Laser | 7 | Aðalsteinn Jens Loftsson | Ýmir | 162629 | 7.0 | 5.0 | (10.0 DNF) | 10.0 DNS | 22.0 |
| Laser Radíal | 8 | Kristján Logi | Nökkvi | | (8.0) | 8.0 | 7.0 | 7.0 | 22.0 |
| Laser | 9 | Hermann Karl Björnsson | Þytur | 74516 | (10.0 DNS) | 9.0 | 8.0 | 6.0 | 23.0 |

## Sumarmót Brokey

### Optimist A

| Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Sigurður Sean Sigurðsson | Nökkvi | Batman | (3.0) | 3.0 | 1.0 | 2.0 | 1.0 | 7.0 |
| 2 | Gunnar Úlfarsson | Nökkvi | 16 | 1.0 | 1.0 | (3.0) | 3.0 | 2.0 | 7.0 |
| 3 | Búi Fannar Ívarsson | Brokey | 104 | 2.0 | 2.0 | 2.0 | 1.0 | (4.0) | 7.0 |
| 4 | Oddur Viðar Malmquist | Nökkvi | 17 | (5.0) | 4.0 | 5.0 | 5.0 | 3.0 | 17.0 |
| 5 | Sigurjón Ágústsson | Ýmir | 201 | 4.0 | (5.0) | 4.0 | 4.0 | 5.0 | 17.0 |

### Optimist B

| Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Erlendur Snæbjörnsson | Brokey | 105 | 1.0 | (4.0) | 1.0 | 1.0 | 2.0 | 5.0 |
| 2 | Hrefna Ásgeirsdóttir | Brokey | 106 | (2.0) | 1.0 | 2.0 | 2.0 | 1.0 | 6.0 |
| 3 | Baldvin Jóhannesson | Ýmiir | 202 | (4.0) | 2.0 | 3.0 | 3.0 | 3.0 | 11.0 |
| 4 | Þorbjörg Erna Mímisdóttir | Brokey | 107 | 3.0 | 3.0 | (4.0) | 4.0 | 4.0 | 14.0 |
| 5 | Þorgeir Ólafsson | Brokey | 103 | 5.0 | 5.0 | 5.0 | 5.0 | (DNF) | 20.0 |

| | Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laser | 1 | Gauti Elfar Arnarsson | Nökkvi | 162638 | 1.0 | 1.0 | (2.0) | 1.0 | 3.0 |
| Laser 4.7 | 2 | Þorlákur Sigurðsson | Nökkvi | | (3.0) | 2.0 | 1.0 | 2.0 | 5.0 |
| Europe | 3 | Sindri Þór Hannesson | Þytur | ISL 2 | 2.0 | (5.0) | 3.0 | 4.0 | 9.0 |
| Laser 4.7 | 4 | Lilja Gísladóttir | Nökkvi | | (4.0) | 3.0 | 4.0 | 3.0 | 10.0 |
| Laser 4.7 | 5 | Andrers Rafn Sigþórsson | Þytur | | 6.0 | 4.0 | (9.0) | 8.0 | 18.0 |
| Laser | 6 | Kári Steinarsson | Brokey | 162625 | (7.0) | 7.0 | 6.0 | 5.0 | 18.0 |
| Laser | 7 | Hermann Karl Björnsson | Þytur | 74516 | 5.0 | (8.0) | 8.0 | 6.0 | 19.0 |
| Laser 4.7 | 8 | Guðmundur Ísak Markússon | Þytur | | 9.0 | (DNF) | 5.0 | 7.0 | 21.0 |
| Laser Radial | 9 | Eyþór Aðalsteinsson | Ýmir | 8 | 8.0 | 6.0 | 7.0 | (9.0) | 21.0 |

### Topper Topaz

| Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Hilmar Páll Hannesson | Brokey | 100 | 1.0 | 1.0 | (2.0) | 2.0 | 1.0 | 5.0 |
| | Eyþór Örn Ólafsson | | | | | | | | |
| 2 | Tristan Alex Jónsson | Þytur | 303 | (2.0) | 2.0 | 1.0 | 1.0 | 2.0 | 6.0 |
| | Gunnar Hlynur Úlfarsson | | | | | | | | |
| 3 | Gunnar Kristinn Óskarsson | Brokey | 102 | (4.0) | 4.0 | 3.0 | 4.0 | 3.0 | 14.0 |
| | Ólafur Már Ólafsson | | | | | | | | |
| 4 | Þórunn Inga Ólafsdóttir | Brokey | 117 | (6.0) | 3.0 | 4.0 | 3.0 | 6.0 | 16.0 |
| | Björn Bjarnason | | | | | | | | |
| 5 | Orri Leví Úlfarsson | Brokey | 101 | 3.0 | (6.0) | 5.0 | 5.0 | 4.0 | 17.0 |
| | Þórir Pétur Pétursson | | | | | | | | |
| 6 | Arnar Freyr Kristinsson | Þytur | 116 | 5.0 | 5.0 | (6.0) | 6.0 | 5.0 | 21.0 |

**Íslandsmót**

**Optimist A**

| Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | U6 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Sigurður Seán Sigurðsson | Nökkci | Eimskip | 1.0 | (4.0) | 1.0 | 1.0 | 1.0 | 2.0 | 6.0 |
| 2 | Búi Fannar Ívarsson | Brokey | 104 | 3.0 | 1.0 | (4.0) | 2.0 | 2.0 | 1.0 | 9.0 |
| 3 | Rúbína Singh | Nökkvi | Saga Capital | 5.0 | 2.0 | 3.0 | 3.0 | (9.0) | 4.0 | 17.0 |
| 4 | Oddur Viðar Malmquist | Nökkvi | Landsbankinn | 2.0 | (7.0) | 6.0 | 5.0 | 4.0 | 3.0 | 20.0 |
| 5 | Gunnar Úlfarsson | Nökkvi | ISL 16 | 4.0 | 3.0 | 5.0 | 6.0 | 5.0 | (11.0 DNF) | 23.0 |
| 6 | Erlendur Snæbjörnsson | Brokey | 105 | 6.0 | (10.0) | 7.0 | 4.0 | 6.0 | 7.0 | 30.0 |
| 7 | Sigurjón Ágústsson | Ýmir | ISL 201 | 7.0 | 8.0 | 2.0 | 8.0 | 8.0 | (9.0) | 33.0 |
| 8 | Ýmir Guðmundsson | Ýmir | ISL 203 | (10.0) | 9.0 | 8.0 | 9.0 | 3.0 | 5.0 | 34.0 |
| 9 | Lína Dóra Hannesdóttir | Brokey | 103 | (9.0) | 5.0 | 9.0 | 7.0 | 7.0 | 8.0 | 36.0 |
| 10 | Hinrik Guðmundsson | Ýmir | ISL 18 | 8.0 | 6.0 | (10.0) | 10.0 | 10.0 | 6.0 | 40.0 |

**Optimist B**

| Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | U6 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Hrefna Ásgeirsdóttir | Brokey | 106 | 1.0 | (2.0) | 1.0 | 1.0 | 1.0 | 1.0 | 5.0 |
| 2 | Gunnar Bjarki Jónsson | Ýmir | ISL 200 | 2.0 | 1.0 | 2.0 | 3.0 | (7.0) | 6.0 | 14.0 |
| 3 | Stefán Ármann Hjaltason | Nökkvi | ISL 17 | 6.0 | 3.0 | (7.0) | 2.0 | 2.0 | 2.0 | 15.0 |
| 4 | Kolbrún María Bragadóttir | Nökkvi | L blár lunning | 5.0 | (7.0) | 3.0 | 4.0 | 3.0 | 4.0 | 19.0 |
| 5 | Gaukur Steinn Guðmundsson | Ýmir | ISL 205 | 3.0 | 4.0 | 4.0 | 5.0 | (10.0) | 5.0 | 21.0 |
| 6 | Breki Arnarsson | Nökkvi | USA 1265 | 4.0 | (13.0) | 11.0 | 6.0 | 6.0 | 3.0 | 30.0 |
| 7 | Þorbjörg Erna Mímisdóttir | Brokey | 107 | 7.0 | 8.0 | 6.0 | (9.0) | 4.0 | 8.0 | 33.0 |
| 8 | Ásmundur Ásmundsson | Ýmir | ISL 208 | (12.0) | 6.0 | 8.0 | 11.0 | 8.0 | 7.0 | 40.0 |
| 9 | Sigurður Örn Alfonsson | Ýmir | ISL 207 | (13.0) | 10.0 | 9.0 | 8.0 | 5.0 | 10.0 | 42.0 |
| 10 | Breki Sigurjónsson | Nökkvi | 611 | 10.0 | 5.0 | 10.0 | (14.0) | 11.0 | 9.0 | 45.0 |
| 11 | Adrian Tómas | Nökkvi | 625 | 11.0 | 9.0 | 5.0 | 10.0 | (17.0 DNF) | 17.0 DNC | 52.0 |
| 12 | Rakel Ósk | Nökkvi | 623 | 9.0 | 11.0 | (17.0 DNF) | 7.0 | 9.0 | 17.0 DNC | 53.0 |
| 13 | Snorri Hallgrímsson | Völsungur | 10 | 8.0 | 12.0 | (17.0 DNF) | 13.0 | 17.0 DNF | 17.0 DNC | 67.0 |
| 14 | Valur Einarsson | Völsungu | IL 122 | 16.0 | 14.0 | 12.0 | 15.0 | (17.0 DNF) | 11.0 | 68.0 |
| 15 | Sindri Blær | Nökkvi | 624 | 15.0 | .0 DNF) | 17.0 DNF | 12.0 | 17.0 DNF | 17.0 DNC | 78.0 |
| 16 | Tómas Pálsson | Nökkvi | 634 | 14.0 | .0 DNF) | 17.0 DNF | 17.0 DNF | 17.0 DNF | 17.0 DNC | 82.0 |

**Opinn flokkur**

| | Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | U6 | U7 | U8 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laser Radíal | 1 | Martin J B Swift | Nökkvi | 162638 | 3.0 | 2.0 | 1.0 | 3.0 | (12.0) | 2.0 | 1.0 | 2.0 | 14.0 |
| Laser 4,7 | 2 | Þorlákur Sigurðsson | Nökkvi | | 1.0 | (4.0) | 4.0 | 2.0 | 2.0 | 1.0 | 4.0 | 1.0 | 15.0 |
| Laser Radíal | 3 | Valgeir Torfason | Nökkvi | 162639 | 2.0 | 1.0 | 3.0 | (4.0) | 3.0 | 3.0 | 2.0 | 4.0 | 18.0 |
| Laser 4,7 | 4 | Guðmundur Ísak Markússon | Þytur | 6 | 6.0 | 5.0 | 7.0 | (8.0) | 6.0 | 4.0 | 3.0 | 3.0 | 34.0 |
| Laser 4,7 | 5 | Aners Rafn Sigþórsson | Þytur | 2 | 7.0 | (8.0) | 8.0 | 7.0 | 4.0 | 5.0 | 5.0 | 5.0 | 41.0 |
| Laser Radíal | 6 | Hjörtur Þór Bjarnason | Nökkvi | 15600 | 4.0 | 3.0 | 2.0 | 5.0 | 5.0 | (12.0) | 12.0 | 12.0 | 43.0 |
| Europe | 7 | Sindri Þór Hannesson | Þytur | ISL 2 | 9.0 | 9.0 | 5.0 | 1.0 | 1.0 | (12.0) | 12.0 | 12.0 | 49.0 |
| Laser Radíal | 8 | Hermann Karl Björnsson | Þytur | Álafoss | (10.0) | 7.0 | 9.0 | 10.0 | 8.0 | 6.0 | 6.0 | 6.0 | 52.0 |
| Laser 4,7 | 9 | Lilja Gísladóttir | Nökkvi | 25 | 5.0 | 10.0 | 6.0 | 6.0 | 7.0 | 7.0 | (12.0) | 12.0 | 53.0 |
| Laser Radíal | 10 | Eyþór Pétur Aðalsteinsson | Ýmir | 8 | 11.0 | 6.0 | 10.0 | 9.0 | 9.0 | (12.0) | 12.0 | 12.0 | 69.0 |
| Laser 4,7 | 11 | Eyþór Agnarsson | Þytur | 0 | 8.0 | 11.0 | (12.0) | 11.0 | 12.0 | 12.0 | 12.0 | 12.0 | 78.0 |

**Topper Topaz**

| Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | U6 | U7 | U8 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Hilmar Páll Hannesson Hulda Lilja Hannesdóttir | Brokey | 100 | 2.0 | 2.0 | (3.0) | 1.0 | 3.0 | 1.0 | 1.0 | 1.0 | 11.0 |
| 2 | Eyþór Örn Ólafsson Tristan Axel Kristinsson | Þytur | ISL 303 | 3.0 | 1.0 | 1.0 | 2.0 | 1.0 | (9.0 DNF) | 2.0 | 2.0 | 12.0 |
| 3 | Gunnar Hlynur Úlfarsson Gunnar Kristinn Óskarsson | Brokey | 102 | 1.0 | (4.0) | 2.0 | 4.0 | 2.0 | 3.0 | 3.0 | 4.0 | 19.0 |
| 4 | Björn Bjarnason Orri Leví Úlfarsson | Brokey | 101 | (9.0 DNF) | 3.0 | 4.0 | 3.0 | 5.0 | 2.0 | 4.0 | 3.0 | 24.0 |
| 5 | Sigurður Orri Stefán | Nökkvi | 113 | (9.0 DNF) | 6.0 | 5.0 | 5.0 | 4.0 | 9.0 DNC | 9.0 DNC | 9.0 DNC | 47.0 |
| 6 | Jóhann Vikar Mar Valsson | Nökkvi | 115 | (9.0 DNF) | 7.0 | 9.0 DNF | 6.0 | 6.0 | 9.0 DNC | 9.0 DNC | 9.0 DNC | 55.0 |
| 7 | Jón Ólafur Jónsson Ingvar Pálsson | Nökkvi | | (9.0 DNF) | 8.0 | 6.0 | 7.0 | 7.0 | 9.0 DNC | 9.0 DNC | 9.0 DNC | 55.0 |
| 8 | Arnar Freyr Kristinsson Þórir Pétur Pétursson | Þytur | ISL 116 | (9.0 DNF) | 5.0 | 7.0 | 8.0 | 9.0 DNF | 9.0 DNC | 9.0 DNS | 9.0 DNS | 56.0 |

**Íslandsmót**

**Laser**

| Sæti | Nafn | félag | seglan. | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | U6 | U7 | U8 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Björn Heiðar Rúnarsson | Nökkvi | 162624 | 1.0 | 1.0 | (3.0) | 1.0 | 3.0 | 1.0 | 1.0 | 1.0 | 9.0 |
| 2 | Dagur Arinbjörn Daníelsson | Nökkvi | 162639 | 2.0 | 2.0 | 1.0 | 3.0 | (9.0 (RAF)) | 2.0 | 3.0 | 3.0 | 16.0 |
| 3 | Gauti Elfar Arnarsson | Nökkvi | 162638 | (5.0) | 4.0 | 2.0 | 2.0 | 4.0 | 4.0 | 2.0 | 2.0 | 20.0 |
| 4 | Aðalsteinn Jens Loftsson | Ýmir | 162629 | (6.0) | 6.0 | 4.0 | 5.0 | 1.0 | 6.0 | 5.0 | 4.0 | 31.0 |
| 5 | Veigar Árni Jónsson | Nökkvi | 162640 | (7.0) | 3.0 | 5.0 | 6.0 | 5.0 | 3.0 | 4.0 | 5.0 | 31.0 |
| 6 | Kari Steinn Steinarsson | Brokey | 162634 | (8.0) | 8.0 | 8.0 | 8.0 | 2.0 | 5.0 | 6.0 | 6.0 | 43.0 |
| 7 | Úlfur Hróbjartsson | Brokey | 31 | 4.0 | 5.0 | 7.0 | 4.0 | 6.0 | 8.0 | (9.0 DNS) | 9.0 DNS | 43.0 |
| 8 | Kristján Logi Einarsson | Nökkvi | 162632 | 3.0 | (7.0) | 6.0 | 7.0 | 7.0 | 7.0 | 7.0 | 7.0 | 44.0 |

# KJÖLBÁTAR

**Opnunarmót**

| Sæti | Bátur | Seglan. | Skipstjóri | Félag | CHS | Sigldur tím | Leiðréttur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Ísmolinn | ISL 2639 | Gunnar Geir Halldórsson | Þytur | 1,043 | 1:37:50 AM | 1:42:02 AM |
| 2 | Xena | ISL 2598 | Aron Árnason | Brokey | 1,052 | 1:38:55 AM | 1:44:04 AM |
| 3 | Aquarius | ISL 2667 | Björn Jörundur Friðbjörnsson | Brokey | 0.999 | 1:50:38 AM | 1:50:31 AM |
| 4 | Dögun | ISL 1782 | Þórarinn Stefánsson | Brokey | 0.840 | 2:12:19 AM | 1:51:09 AM |
| 5 | Ögrun | ISL | Niels Chr. Nielsen | Brokey | 1,007 | 1:54:38 AM | 1:55:26 AM |
| 6 | Lilja | ISL 2720 | Arnar Freyr Jónsson | Brokey | 0.983 | 1:58:42 AM | 1:56:41 AM |
| 7 | Ásdís | ISL 2217 | Árni Þór Hilmarsson | Þytur | 0.824 | 2:24:42 AM | 1:59:14 AM |

**Hátíð hafsins**

| Sæti | Bátur | Seglan. | Skipstjóri | Félag | CHS | Sigldur tím | Leiðréttur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Dögun | ISL 1782 | Þórarinn Stefánsson | Brokey | 0.840 | 1:06:50 AM | 12:56:08 AM |
| 2 | Xena | ISL 2598 | Aron Árnason | Brokey | 1,052 | 12:55:16 AM | 12:58:08 AM |
| 3 | Aquarius | ISL 2667 | Björn Jörundur Friðbjörnsson | Brokey | 0.999 | 1:00:10 AM | 1:00:06 AM |
| 4 | Lilja | ISL 2720 | Arnar Freyr Jónsson | Brokey | 0.983 | 1:01:28 AM | 1:00:25 AM |
| 5 | Ögrun | ISL | Niels Chr. Nielsen | Brokey | 1,007 | 1:02:26 AM | 1:02:52 AM |
| 6 | Dís | | | Brokey | 1,023 | 1:01:31 AM | 1:02:56 AM |
| 7 | Sigurvon | | Ólafur Már Ólafsson | Brokey | 0.950 | 1:13:35 AM | 1:09:54 AM |
| 8 | Ásdís | ISL 2217 | Árni Þór Hilmarsson | Þytur | 0.824 | 1:31:47 AM | 1:15:38 AM |

**Faxaflóahafnir**

| Sæti | Bátur | Seglan. | Skipstjóri | Félag | CHS | Sprettur | Faxafl | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Dögun | ISL 1782 | Þórarinn Stefánsson | Brokey | 0.840 | 2 | 1 | 3 |
| 2 | Lilja | ISL 2720 | Arnar Freyr Jónsson | Brokey | 0.983 | 1 | 4 | 5 |
| 3 | Aquarius | ISL 2667 | Steinþór birgisson | Brokey | 0.999 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | Xena | ISL 2598 | Þór Gunnarsson | Brokey | 1,052 | 4 | 3 | 7 |
| 5 | Dís | | | Brokey | 1,023 | 5 | 5 | 10 |
| 6 | Ásdís | ISL 2217 | Árni Þór Hilmarsson | Þytur | 0.824 | 6 | 6 | 12 |

**Sumarmót**

| Sæti | Bátur | Seglan. | Skipstjóri | Félag | CHS | U1 | U2 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Dögun | ISL1782 | Magnús Arason | Brokey | 0.840 | 1.0 | 1.0 | 2.0 |
| 2 | Aquarius | ISL2667 | Steinþór | Brokey | 0.999 | 2.0 | 2.0 | 4.0 |
| 3 | Lilja | ISL2720 | Arnar Freyr Jónsson | Brokey | 0.983 | 3.0 | 3.0 | 6.0 |
| 4 | Xena | ISL2598 | Þór Gunnarsson | Brokey | 1,052 | 4.0 | 5.0 | 9.0 |

**Íslandsmót**

| Sæti | Bátur | Seglan. | Skipstjóri | Félag | CHS | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | U6 | U7 | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Dögun | ISL 1782 | Þórarinn Stefánsson | Brokey | 0.840 | 1.0 | 1.0 | 3.0 | 1.0 | (7.0) | 1.0 | 1.0 | 8.0 |
| 2 | Xena | ISL 2598 | Aron Árnason | Brokey | 1052 | 2.0 | 2.0 | 1.0 | (5.0) | 1.0 | 4.0 | 3.0 | 13.0 |
| 3 | Sigurborg | ISL 9845 | Páll Hreinsson | Ýmir | 0.944 | 3.0 | 3.0 | 5.0 | 2.0 | (5.0) | 2.0 | 4.0 | 19.0 |
| 4 | Aquarius | ISL2667 | Martin Swift | Brokey | 0.999 | 4.0 | (6.0) | 2.0 | 3.0 | 2.0 | 3.0 | 5.0 | 19.0 |
| 5 | Ísmolinn | ISL 2639 | Gunnar Geir Halldórsson | Þytur | 1043 | 5.0 | 5.0 | 4.0 | 4.0 | 3.0 | (7.0) | 2.0 | 23.0 |
| 6 | Lilja | ISL 2720 | Arnar Freyr Jónsson | Brokey | 0.983 | 6.0 | 4.0 | 6.0 | (7.0) | 6.0 | 5.5 | 6.0 | 33.5 |
| 7 | Ögrun | ISL 9800 | Niels Chr. Nielsen | Brokey | 1007 | 7.0 | 7.0 | 7.0 | 6.0 | 4.0 | 5.5 | (7.0) | 36.5 |

**Lokamót**

| Sæti | Bátur | Seglan. | Skipstjóri | Félag | CHS | Sigldur tím | Leiðréttur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Dögun | ISL 1782 | Þórarinn Á Stefánsson | Brokey | 0.840 | 4:16:13 AM | 3:35:13 AM |
| 2 | Sigurborg | ISL 9845 | Páll Hreinsson | Ýmir | 0.939 | 4:08:40 AM | 3:53:30 AM |
| 3 | Aría | ISL 2665 | Birgir Ari Hilmarsson | Ýmir | 1010 | 4:00:22 AM | 4:02:46 AM |
| 4 | Aquarius | ISL 2664 | Martin Swift | Brokey | 0.999 | 4:03:20 AM | 4:03:05 AM |
| 5 | Lilja | ISL 2720 | Arnar Freyr Jónsson | Brokey | 0.983 | 4:16:52 AM | 4:12:30 AM |
| 6 | Ísmolinn | ISL 2639 | Gunnar Geir Halldórs | Þytur | 1043 | DNF | |
| 6 | Xena | ISL 2598 | Aron Árnason | Brokey | 1052 | DNF | |

| | Íslandsbikar | | O.mót | Faxafl. | Í.mót | L.mót | Staðan |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Dögun | Brokey | 5 | 10 | 10 | 10 | **35** |
| 2 | Xena | Brokey | 8 | 5 | 8 | 2 | **23** |
| 3 | Aquarius | Brokey | 6 | 6 | 5 | 5 | **22** |
| 4 | Lilja | Brokey | 3 | 8 | 3 | 4 | **18** |
| 5 | Ísmolinn | Þytur | 10 | | 4 | 3 | **17** |
| 6 | Sigurborg | Ýmir | | | 6 | 8 | **14** |
| 7 | Ögrun | Brokey | 4 | | 2 | | **6** |
| 8 | Ásdís | Þytur | 2 | 3 | | | **5** |
| 9 | Dís | Brokey | | 4 | | | **4** |
| 10 | Aría | Ýmir | | | | 6 | |

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

# Lög SÍL

# Lög Siglingasambands Íslands SÍL

## 1.Kafli. Skipulag

### 1. grein

1.1 Siglingasamband Íslands, skammstafað SÍL, er æðsti aðili um öll mál siglinga- og róðraríþróttarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

### 2. grein

2.1 Siglingasamband Íslands er samband siglinga- og róðrarráða svo og héraðssambanda/íþróttabandalaga og eru öll þau félög innan ÍSÍ, er iðka, æfa og keppa í siglingum og róðri, aðilar að SÍL.

### 3. grein

3.1. Hlutverk SÍL er í meginatriðum:

a. Að hafa yfirstjórn allra íslenskra siglinga- og róðraríþrótta, vinna að stofnun sérráða og efla á annan hátt þessar íþróttagreinar í landinu.

b. Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.

c. Að vera fulltrúi siglinga- og róðraríþrótta gagnvart útlöndum og sjá um að reglur varðandi þessar íþróttagreinar séu í samræmi við alþjóðareglur.

## 2. Kafli. Stjórn SÍL

### 4. grein

4.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnað af:

a. Siglingaþingi.

b. Stjórn SÍL.

4.2 Reikningsár SÍL er almanaksárið.

### 5. grein Siglingaþing

5.1 Siglingaþingið fer með æðsta vald í málefnum SÍL.

5.2 Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.

5.3 Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra siglinga- og róðrariðkenda, þannig að fyrir allt að 25 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 25 eða brot úr 25, allt að 100 iðkendum, og þá 1 fulltrúi fyrir hverja 50 iðkendur þar fram yfir.

5.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða tilkynnt með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.

5.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL bréflega minnst 3 vikum fyrir þingið.

5.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum /íþróttabandalögum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir siglingaþing.

5.7 Siglingaþing er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

### 6. grein

6.1. Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétti hafa:

a. stjórn SÍL

b. heiðursformaður og heiðursfélagar

c. framkvæmdastjórn ÍSÍ

d. fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSÍ

e. allir nefndarmenn SÍL

f. íþróttafulltrúi ríkisins

g. auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

6.2 Aðeins sá, sem er í félagi, sem iðkar siglingar eða róður innan sérráðs eða héraðssambands/íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.

6.3 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinnar eigi síðar en 1 viku fyrir siglingaþing.

6.4 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrir þann aðila sérráðs eða sambands/bandalags, sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

### 7. grein Dagskrá siglingaþings

7.1 1. Formaður setur þing.

2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.

3. Kjörinn þingforseti.

4. Kjörnir 1. og 2. þingritari.

5. Kosning þingnefnda:

a. Fjárhagsnefnd 3 manna.

b. Laga- og leikreglnanefnd 3 manna.

c. Allsherjarnefnd 3 manna.

6. Lögð fram skýrsla stjórnar.

7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.

8. Umræður og samþykkt reikninga.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

10. Lagabreytingatillögur.

11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.

12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.

13. Þingnefndir starfa

14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.

15. Tillögur fjárhagsnefndar

16. Kosningar:

a. Stjórn og varastjórn, sbr 10. gr.

b. 2 skoðunarmenn.

c. Fulltrúa á íþróttaþing í samræmi við reglur ÍSÍ samkvæmt iðkendafjölda síðastliðins starfsárs.

17. Þingslit.

7.2 Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

### 8. grein

8.1 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir þingið mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. grein 6. lið).

8.2 Ársskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

### 9. grein

9.1 Aukaþing skal kalla saman með a.m.k. 3 vikna fyrirvara;

a. eftir ákvörðun siglingaþings

b. þegar a.m.k. 1⁄2 sambandsaðila óskar þess.

9.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukaþingi skulu hafa

borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingsetningu.

9.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukaþing skal senda aðilum dagskrá þingsins.

9.4 Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi hefur orðið óstarfhæf.

9.5 Að öðru leyti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing.

## 10. Grein

10.1 Í stjórn SÍL eiga sæti :

a. 5 menn kosnir á siglingaþingi.

Kosning fari þannig fram:

1 formaður

4 meðstjórnendur

3 varamenn

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

b. Stjórnin kýs varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.

c. Varamenn taka sæti í stjórn í þeirri röð, sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð, sem þeir voru tilnefndir.

d. Ef formaður fellur frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.

10.2. Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Formaður SÍL boðar stjórnarfundi og stýrir þeim.

10.3. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.

10.4. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

## 11. grein Störf stjórnar SÍL

Helstu störf stjórnar eru þessi:

a. Að framkvæma ályktanir siglingaþings.

b. Að annast rekstur sambandsins.

c. Að vinna að eflingu siglinga-og róðraríþróttarinnar.

d. Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir siglinga- og róðraríþróttina.

e. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.

f. Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.

g. Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.

h. Að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir landsmót. Það skal SÍL að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stjórnir sérráða (héraðsstjórnir) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.

i. Að úthluta þeim styrkjum til siglinga og róðurs, sem SÍL fær til umráða.

j. Að koma fram erlendis fyrir hönd siglinga- og róðraríþróttarinnar.

## 12. grein Skipan starfssviða

12.1 Í upphafi starfstíma síns skipar stjórn SÍL stjórnir stoðsviða SÍL. Stoðsvið SÍL eru tvö; Afrekssvið og Almenningsíþróttasvið Kjörtímabil þeirra er til eins árs, hið sama og stjórnar SÍL, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Stoðsvið SÍL skulu m.a. hafa yfirumsjón með viðkomandi málaflokkum, vera stjórn SÍL til ráðuneytis og sjá um verkefni þeim tengdum.

## 13. grein

13.1 Siglinga- og róðrarsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Þau skulu senda henni allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að viðkomandi móti lýkur.

13.2 Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkra siglinga-og róðrariðkenda í umdæminu, skulu þau senda stjórn SÍL fyrir 15. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á siglingaþinginu, sbr. gr. 5.3.

13.3 Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, skal SÍL vinna að stofnun nýrra sérráða.

## 14. grein

14.1 Stjórn SÍL hefur frjálsan aðgang að öllum siglinga- og róðrarmótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

# 3. Kafli. Ýmis ákvæði

## 15. grein Merki Síl

15.1 Merki Siglingasambands Íslands : Hvítt stórsegl og ár á bláum grunni. SÍL í rauðum stöfum ofan á segl.

## 16. grein Heiðursformaður

16.1 Heiðursformann SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

16.2 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

## 17. grein Heiðursfélagar

17.1 Heiðursfélaga SÍL má kjósa á siglingaþingi.

17.2 Heiðursfélagar SÍL hafa rétt til setu á siglingaþingum með málfrelsi og tillögurétti.

## 18. grein Slit SÍL

18.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögmætu siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst ¾ hluta atkvæða.

18.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SÍL niður.

## 19. grein Ráðstöfun eigna

19.1 Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu.

## 20. grein Lagabreytingar

20.1 Lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

Samþykkt á 35. siglingaþingi 8. mars 2008
Breytt frá 28. siglingaþingi 3.mars 2001
Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008.

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

# Reikningar 2010

Skoðunarmenn:

Friðrik Hafberg
Kristján Sigurgeirsson

# Rekstrarreikningur

1.1.2010 - 31.12.2010

| Rekstrartekjur | 2010 | % | 2009 | % |
|---|---|---|---|---|
| ÍSÍ útbreiðslustyrkur | 1,338,625 | 23% | 759,380 | 16% |
| ÍSÍ Lottó | 1,803,262 | 30% | 1,268,853 | 26% |
| Styrkur frá stjórnvöldum | 2,298,225 | 39% | 2,200,000 | 46% |
| Vörusala | - | 0% | 43,400 | 1% |
| IRC forgjafir | 199,600 | 3% | 176,497 | 4% |
| Námskeiðstekjur | 225,150 | 4% | 55,000 | 1% |
| Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir | 50,000 | 1% | 300,000 | 6% |
| **Rekstrartekjur** | **5,914,862** | 100% | **4,803,130** | 100% |

| Rekstrargjöld | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Launakostnaður | 1,983,085 | 52% | 1,790,635 | 37% |
| Leiga skrifstofu og skrifst.kostnaður | 424,577 | 11% | 403,617 | 8% |
| Fundir erlendis | 447,861 | 12% | 507,586 | 10% |
| Fundir innanlands | 293,297 | 8% | - | 0% |
| Félags- og aðildargjöld | 44,558 | 1% | 31,063 | 1% |
| Kostnaður v/forgjafar | 131,453 | 3% | 110,223 | 2% |
| Styrkir og gjafir | 310,000 | 8% | 587,130 | 12% |
| Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir | 98,161 | 3% | 1,366,929 | 28% |
| Námskeiðskostnaður | 85,040 | 2% | - | 0% |
| Þátttaka í Íslandsmótum | - | 0% | 9,400 | 0.2% |
| Kynningarkostnaður | - | 0% | 19,519 | 0.4% |
| Kostnaður v/mótahalds | 12,000 | 0.3% | 18,000 | 0.4% |
| **Rekstrargjöld** | **3,830,032** | 100% | **4,844,102** | 100% |
| **Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld** | 2,084,830 | | - 40,972 | |
| | | | | |
| Fjármunatekjur | 138,693 | | 423,337 | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | - 1,289 | | - 6,319 | |
| **Fjármunatekjur** | **137,404** | | **417,018** | |
| | | | | |
| **Hagnaður ársins** | **2,222,234** | | **376,046** | |

# Efnahagsreikningur

31.12.2010

## Eignir

| | 2010 | % | | 2009 | % |
|---|---|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| **Birgðir:** | | | | | |
| Vörubirgðir | 99,335 | 1% | | 75,538 | 1% |
| | **99,335** | | | **75,538** | |
| **Skammtímakröfur:** | | | | | |
| Viðskiptakröfur | 3,442,403 | 42% | | 1,025,932 | 17% |
| Viðskiptareikningur ÍSÍ | 1,542,394 | 19% | - | 13,664 | -0.2% |
| | **4,984,797** | 60% | | **1,012,268** | 16% |
| **Handbært fé:** | | | | | |
| Bankainnistæður | 3,168,593 | 38% | | 5,116,387 | 82% |
| | **3,168,593** | | | **5,116,387** | |
| **Eignir alls** | **8,252,725** | 100% | | **6,204,193** | 100% |

## Skuldir og eigið fé

| | 2010 | % | 2009 | % |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | | |
| Þjálfunarsjóður | 390,000 | 5% | 390,000 | 6% |
| Útbreiðslusjóður | 1,250,000 | 15% | 1,250,000 | 20% |
| Óráðstafað eigið fé | 6,612,725 | 80% | 4,390,491 | 71% |
| **Eigið fé alls** | **8,252,725** | 100% | **6,030,491** | 97% |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | |
| Viðskiptaskuldir | - | 0% | 173,702 | 3% |
| **Viðskiptaskuldir alls** | **-** | | **173,702** | |
| **Skuldir og eigið fé alls** | **8,252,725** | 100% | **6,204,193** | 100% |

## Áritun skoðunnarmanna:

Við undirritaðir kjörnir skoðunnarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2010 höfum yfirfarið reikninga og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við.

Reykjavik 25.2.2011

| | |
|---|---|
| Friðrik Hafberg | Kristján Sigurgeirsson |
| (sign) | (sign) |